

## Markaðsstofa Norðurlands

Markaðsstofa Norðurlands (MN) sem hefur starfað frá árinu 2003, vinnur að samræmingu markaðs- og kynningarmála í ferðapjónustu fyrir ferðapjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum. Helsta hlutverk MN er að stuðla að auknu samstarfi ferðapjónustu og sveitarfélaga í landshlutanum í þeim tilgangi að fjölga ferðamönnum á svæðinu og lengja dvöl þeirra.

Markaðsstofan rekur flugklasann Air 66N sem vinnur að því að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll.

Að Markaðsstofu Norðurlands standa 20 sveitarfélög og um 270 samstarfsfyrirtæki á Norðurlandi að meðtöldum fyrirtækjum á vegum sveitarfélaga.

### Samstarfsfyrirtæki

Samstarfsfyrirtæki Markaðsstofu Norðurlands taka þátt í samstarfi fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi í ferðamálum í samræmi við samstarfssamning og greiða árgjald til markaðsstofunnar sem innheimt er í fjórum greiðslum á ári. Einungis fyrirtæki sem hafa öll tilskilin leyfi frá Ferðamálastofu til rekstrar í atvinnugreininni geta orðið samstarfsfyrirtæki Markaðsstofu Norðurlands.

Verðskrá í gildi frá 1. janúar 2021

Fyrirtæki	Samtals greitt á ári
<b>1-2 ársverk</b>	51.197 kr.
<b>3-4 ársverk</b>	77.449 kr.
<b>5-6 ársverk</b>	130.066 kr.
<b>7-10 ársverk</b>	166.501 kr.
<b>11 ársverk eða fleiri</b>	248.235 kr.

### Hvað felst í samstarfinu?

Birting sem samstarfsfyrirtæki í þjónustulista á vefsíðu MN [www.nordurland.is](http://www.nordurland.is) og [www.northiceland.is](http://www.northiceland.is). Þar geta samstarfsfyrirtæki verið með 3 myndir og texta um sig, auk beins tengils á vefsíðu fyrirtækjanna, tengingu inn við umsagnir á Trip Advisor og tengingu á samfélagsmiðla.

MN sinnir útgáfu í takti við þarfir hverju sinni. Dæmi um útgáfu sem kynna svæðið eru kort og bæklingar eins og við á. Ein vinsælasta vara ferðamanna er afrifukort sem er gefið út af MN.

MN sinnir kynningum til bæði neytenda og fyrirtækja í gegnum rafræna miðla. Allir helstu samfélagsmiðlar eru nýttir í takti við þau markaðssvæði sem sótt er á. Vefsíðu er skipt upp í takti við áherslur í kynningu á hverju ári ásamt því að sérvefir halda utan um stærri verkefni.

MN kynnir samstarfsfyrirtæki sín á ferðasýningum og vinnusmiðjum hérlandis og erlendis. Einnig vinnum við með samstarfsfyrirtækjum að móttöku blaðamanna og ferðaskrifstofa sem koma norður.

Samstarfsfyrirtækjum markaðsstofanna gefst kostur á að taka þátt í Mannamóti, árlegri ferðasýningu sem markaðsstofurnar halda í Reykjavík í lok janúar. Markmiðið er að kynna ferðaþjónustu landshlutanna fyrir fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarfsfyrirtæki hafa aðgang að miklu efni sem MN hefur framleitt. Efnið er bæði formi ljósmynda og þá aðallega myndbanda af öllu svæðinu. MN hefur lagt mikla áherslu á að framleiða gæða efni sem nýtist fyrirtækjum á svæðinu við þeirra markaðsaðgerðir. Markaðsstofan nýtir vefinn [Upplifðu.is](http://Upplifðu.is) til þess að vinna með efni. Samstarfsfyrirtæki fá aðgang að bakenda á vefnum þar sem hægt er að klippa saman myndefni eftir þörfum. Einnig er hægt að fá aðgang að myndabanka. Myndabankinn er hýstur í kerfi BrandCenter og samstarfsfyrirtæki geta sótt um aðgang með því að [smella hér](#).

Samstarfsfyrirtæki MN geta leitað eftir ýmsum upplýsingum og fengið leiðbeiningar hjá starfsmönnum markaðsstofunnar um markaðssetningar- og kynningarmál. Einnig fá þau afslátt af þáttökugjöldum á Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar, námskeiðum, fundum og ráðstefnum sem haldið er á vegum Markaðsstofunnar.



MN starfar náið með Íslandsstofu, Ferðamálastofu og Rannsóknarmiðstöð Ferðamála og öðrum þeim aðilum sem vinna að eflingu ferðaþjónustu, atvinnuuppbyggingar og jákvæðrar ímyndar Norðurlands. Fundir eru haldnir reglulega með ferðamálafulltrúum á Norðurlandi. Samstarfsfyrirtæki hafa hag af samstarfi Markaðsstofunnar við alla helstu kynningaraðila íslenskrar ferðaþjónustu. Markaðsstofan aðstoðar meðlimi sína við að finna samstarfsaðila bæði innan starfssvæðisins og utan þess.

MN hvetur til og leitast við að styðja nýsköpun í ferðaþjónustu á starfssvæði sínu í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækin, ferðamálafulltrúa svæðanna, atvinnuþróunarfélögin, sveitarfélögin og stjórnvöld.

Við teljum að það sé hagur fyrirtækjanna, starfsgreinarinnar og leið til öflugrar markaðssetningar að sem allra flest starfandi ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi séu með, því þá verður slagkraftur okkar mestur. Með samstilltu átaki okkar allra munum við auka vægi Norðurlands enn frekar í tengslum við markaðssetningu Íslands, fjölga ferðamönnum á Norðurlandi allt árið og síðast en ekki síst lengja dvöl þeirra á Norðurlandi.

### Hvað þarf til að koma í samstarf?

Skráðu þig hér [www.northiceland.is/is/markadsstofan/samstarfsfyrirtaeki/skraning](http://www.northiceland.is/is/markadsstofan/samstarfsfyrirtaeki/skraning)

- Upplýsingar um að þú viljir koma í samstarf og áætlaðan fjölda ársverka í fyrirtækinu.
- Nafn fyrirtækis, kennitölu, tengilið, vefsíðu, netfang, símanúmer og heimilisfang.
- 3 góðar myndir af fyrirtækinu þínu og öðru sem lýsir starfsemi.
- Lýsandi texta um starfsemi á íslensku og ensku.

Fyrirtæki þurfa að vera skráð hjá Ferðamálastofu til að vera á þjónustulista MN þar sem upplýsingar í ferðahandbókina og vefsíðuna eru unnar upp úr gagnagrunni Ferðamálastofu. Það er skrifstofa

Ferðamálastofu á Akureyri sem sér um skráningar á listann, sími 535-5510 og netfangið [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)

### Hvernig getur þú fengið sem mestan ávinning af samstarfinu?

Mættu á fundi og viðburði á vegum MN og taktu virkan þátt í umræðum. Láttu okkur vita af þeim málum sem þú vilt að sé lögð áhersla á í markaðssetningu á Norðurlandi og hagsmunabaráttu fyrir svæðið.

Sendu rafræna bæklinga á [info@nordurland.is](mailto:info@nordurland.is) í hvert sinn sem þú uppfærir efnið þitt. Þeir eru settir á minnislykla sem er dreift á ferðasýningum og fundum.

Láttu okkur vita um allar nýjungar hjá þér. Leyfðu okkur reglulega að heyra í þér hverjar eru helstu áherslur í þínum rekstri.

Farðu yfir hvernig fyrirtækið þitt birtist á vefnum nordurland.is og northiceland.is amk einu sinni á ári. Láttu okkur vita ef þú vilt breyta texta eða uppfæra myndir.

Settu samstarfsmerki MN á heimasíðuna þína og bæklinga. Sameiginlega næst góður árangur í að kynna Norðurland.

Þú getur fylgst með starfinu á Facebook síðu MN [www.facebook.com/MarkadsstofaNorurlands](https://www.facebook.com/MarkadsstofaNorurlands)

og á innri vef MN [www.nordurland.is/is/markadsstofan/](http://www.nordurland.is/is/markadsstofan/)

